

FYLGISKJAL NR. 1012

DAGS 22.11.2001

SAMANTEKT:

Yfirgripsmikil greinargerð, fylgigögn og 3 formleg svarbréf Mosfellsbæjar, dags. 22. nóvember 2001, til hvers lóðarhafa um sig.

Svarbréf dags. 22.11.2001 til Maríu Irenu Martin að Láguhlíð í Mosfellsbæ.

Svarbréf dags 22.11.2001 til Finns Ingimarssonar Hamrafelli í Mosfellsbæ.

Svarbréf dags 22.11.2001 til Ólafs Sigurðssonar Hjallabrekku í Mosfellsbæ.

Svarbréf dags 22.11.2001 til Steinunnar Marteinsdóttur Hulduhólum í Mosfellsbæ.

Þessi bréf ritar Stefán Ómar Jónsson þáverandi og núverandi bæjarritari í umboði Mosfellsbæjar.

Þar er getið þess að bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafi hafnað beiðni lóðarleiguþafa að landi Hamrafells, Hjallabrekku, Hulduhóla og Láguhlíðar þess efnis að lóðarleiguþafar annist sjálfir og kosti deiliskipulagninu nefndra leigulóða.

Vísar bæjarstjórn til þeirrar meginreglu að sveitarfélagið sjálft annist undirbúning og gerð deiliskipulags á eignarlandi bæjarins og beri af því kostnað.

Mosfellsbær segir í þessu erindi að bærinn muni huga að deiliskipulagsvinnu nefndra lóða þegar bærinn telur það tímabært og sé þá tekið tillit til þróunar og vaxtar sveitarfélagsins.

Hér má finna m.a. álit Lex lögmannsstofu þar sem m.a. er getið úrskurðar matsnefndar eignarnámsbóta nr. 5/1997 frá 16. janúar 1998. Var um að ræða vegastæði sem var eignarland en ekki leigulagnd eins og framangreindar lóðir lóðaleiguþafa. Voru þá teknir 44.943 fermetrar (um 4,5 hektarar). Voru bætur ákveðnar um 20 milljónir fyrir það eða um kr. 445,- á fermetra. Lögð var þó áhersla á að engin lönd eru eins. Hins vegar bent á í því tilviki sem úrskurð þennan varðar var um að ræða eignarland en ekki leiguland enda þar sem um leiguland yrði að ræða væri aðeins um að ræða mat á verðmæti bygginga, ræktunar oþh. sem tekið yrði eignarnámi.

Í greinargerðinni er getið þess (dags. 12. júlí 2001) að landið er, þegar greinargerðin er rituð, skilgreint sem almennt útvistasvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi og því væri breyting á aðalskipulagi forsenda breytingu á deiliskipulagi fyrir íbúðarþbyggð.

Jafnframt var ítarlega farið yfir valkosti varðandi það hvort bærinn ætti að leysa til sín landið. Hugað var að því að bærinn myndi skipuleggja það sjálfur og nýta andvirði sölu lóða til greiðslu bóta til lóðarhafa.

Einnig varð breyting á gjaldskrá þar sem ekki ætti að veita afslátt af gatnagerðargjöldum þó svo að lóðaleiguþafar skipuleggji sjálfir lóðir á landi sínu.

Að lokum var ákveðið af tveimur kostum í boði að hafna beiðni lóðaleiguþafa.

Hafði því Mosfellsbær ávallt heimilt í lögum, sbr. 5. lið 2. mgr. 32.
gr. skipulags- og byggingalaga til að leysa til sín landið með
eignarnámi náist ekki samkomulag um bætur við lóðaleiguhafa.

Stutt yfirlit gagna.

8

Stutt yfirlit gagna sem inngangur að því að Mosfellsbær hafnar að landi Harmafells, Hjallabrekku, Hulduhóla og Láguhlíðar, þe lóðarleiguþafar annist sjálfir og kosti deiliskipulagningu nefndra er orðað í samþykkt 337. fundar bæjarstjórnar.

hvað	skjal
503. fundur bæjarráðs frá 1.2.2001, 7. mál	a
greinargerð til Mosfellsbæjar frá 15.4.2001, frá lóðarhöfum	b
svarbréf Mosfellsbæjar frá 27.4.2001, til lóðarhafa	c
523. fundur bæjarráðs frá 19.7.2001, 7. mál (greinargerðir)	d
541. fundur bæjarráðs frá 8.11.2001, 5. mál	e
337. fundur bæjarstjórnar frá 21.11.2001, 5. dagskrárlíður, 5 mál	f
svarbréf Mosfellsbæjar (sbr. f) frá 22.11.2001, til lóðarhafa	g

Bæjarráð, fundur nr. 503

Dags. 1. Febrúar 2001

503. fundur

bæjarráðs Mosfellsbæjar

haldinn að Þverholti 2, 4. hæð,

fimmtudaginn, 1. febrúar 2001 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu: Jónas Sigurðsson, Þróstur Karlsson, Ásta B. Björnsdóttir og Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri. Enn fremur sátu fundinn bæjarverkfræðingur og félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Anna G. Björnsdóttir.

Dagskrá:

1. Tillaga bæjarstjóra, dags. 30.01.2001 (01/77), ásamt minnisblaði, dags. 10.01.2001, um að bæjarráð samþykki að ganga til samstarfs við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um stofnun sameignarfélags/byggðasamlags um almenningssamgöngur á svæðinu.

Tillaga bæjarstjóra samþykkt með þremur atkvæðum. Enn fremur samþykkt sú tillaga bæjarstjóra að Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur verði fulltrúi hans í starfshópi um undirbúning málsins.

2. Minnisblað bæjarstjóra, dags. 30.01.2001 (01/79), ásamt skýrslu félagsmálastjóra vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga.

Lagt fram og bæjarstjóra falið að undirbúa frekari kynningu á málinu fyrir bæjarstjórn og félagsmálanefnd með áherslu á stöðu málauflokkssins hér í bæ.

3. Bréf Almannavarna K.M.R.S., ódags. (01/69), þar sem kynnt er bókun á fundi í Av-KMRS 29.12.2000 um að samþykkt sé að senda skýrslu um undirbúning áhættumats til borgar- og bæjarráða sem leiti eftir athugasemdu. (Skýrslan er send aðalmönnum í bæjarráði.)

Samþykkt með þremur atkvæðum að fela bæjarverkfræðingi að fara yfir skýrsluna með tilliti til hugsanlegra athugasemda vegna aðstæðna í Mosfellsbæ.

4. Umsókn Saxa ehf., dags. 24.01.2001, (01/64), um lóð fyrir atvinnuhúsnaði.

Samþykkt með þremur atkvæðum að fela atvinnu- og ferðamálafulltrúa að svara erindinu með tilliti til möguleika á atvinnulóðum í bænum.

5. Bréf aðstoðarmanns borgarlögmanns, dags. 03.01.2001, (01/15), ásamt fskj., vegna forkaupsréttar að húseigninni Reykjahlíð, ásamt lóð. Minnisblað byggingarfulltrúa, dags. 17.01.2000, fylgir.

Samþykkt með þremur atkvæðum að falla frá forkaupsrétti og samþykkja framlagðan kaupsamning, dags. 15.12.2000.

6. Minnisblað bæjarverkfræðings, dags. 25.01.2001 (00/842), ásamt fskj., vegna beiðni Karls E. Loftssonar um að skolpleiðsla á neðri hæð hússins að Bjargartanga 2 verði tengd holræsakerfi bæjarins, sbr. samþykkt bæjarráðs á 501. fundi, 18.01.2001.

Svohljóðandi bókun samþykkt með þremur atkvæðum:

Að lokinni skoðun málsins telur bæjarráð ekki rök til að bærinn standi straum af kostnaði vegna málsins, enda byggðist samþykkt byggingarnefndar frá 12.11.1990, fyrir aukaíbúð í húsinu og stækkun kjallara, á því að húseigandi sjái um og standi straum af kostnaði vegna ráðstafana sem gera þarf til að koma skólpri frá íbúðinni.

7. Bréf Guðmundar Ágústssonar hdl., dags. 17.01.2001 (01/49), með ósk um að eiganda Láguhlíðar verði heimilað að deiliskipuleggja landið, sbr. samþykkt bæjarráðs á 495. fundi, 07.12.2000 (00/703). (Leigusamningur um landið, dags. 09.06.1992, fylgir til upplýsinga, ásamt afsölum og veðbókarvottorði.)

Samþykkt með þremur atkvæðum að áréttu bókun bæjarráðs frá 454. fundi, 06.04.2000, um að bréfritara verði bent á að um er að ræða leigulóð í eigu bæjarins. Jafnframt samþykkt að fela bæjarritara að skoða réttarstöðu bæjarins gagnvart slíkum beiðnum lóðarhafa um heimild til að deiliskipuleggja leiguland sitt og úthluta lóðum, sbr. einnig hliðstæðar beiðnir frá lóðarhöfum Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhóla, sbr. bréf dags. 24.11.2000 (00/703).

8. Minnisblað bæjarverkfræðings, dags. 25.01.2000, ásamt fskj., vegna umsóknar Loga Jónssonar, Selvangi um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitu að Selvangi.

Í tilefni af umsókninni lýsir bæjarráð því yfir að ekki eru uppi áform af hálfu bæjarins um að leggja vatnsveitu að Selvangi.

9. Minnisblað bæjarverkfræðings, dags. 25.01.2001 (01/14), vegna beiðni Ungmennafélagsins Aftureldingar, Hestamannafélagsins Harðar og Golfklúbbsins Kjaðar um afnot af auglýsingaskilti, sbr. samþykkt bæjarráðs á 500. fundi, 08.01.2000.

Lagt fram. Jafnframt sem áframhaldandi vinnu við gerð samstarfssamnings bæjarins við félögin um málið er vísað til bæjarstjóra.

10. Bréf Golfklúbbsins Bakkakots, dags. 22.01.2001 (01/53), ásamt fskj., um leyfi til að setja upp skilti á landi bæjarins við Þingvallaveg, við afleggjara að golfvellinum.

Samþykkt með þremur atkvæðum að vísa málinu til umsagnar skipulags- og byggingarnefndar og umhverfisnefndar.

11. Minnisblað deildarstjóra tæknideilda, dags. 23.01.2001, (01/76), vegna tillögu umhverfisnefndar um að göngustígur frá Vesturlandsvegi að Álafosskvos verði upplýstur, sbr. samþykkt bæjarstjórnar á 317. fundi, 03.01.2001.

Samþykkt með þremur atkvæðum að ráðist verði í I. áfanga lýsingar stígsins, sbr. framlagt minnisblað, og 300 þús.kr. kostnaðar vegna hans verði tekinn af fé sem ætlað er til framkvæmda í Álafosskvos samkvæmt fjárhagsáætlun 2001. Jafnframt verði veitt 300 þús.kr. aukafjárveiting vegna lýsingar á listaverki sem verði mætt með lántöku að því leyti sem rekstrarafgangur bæjarsjóðs standi ekki undir henni.

12. Tillaga félagsmálanefndar á 94. fundi, 09.01.2001 (01/78), um hækjun húsaleigu í félagslegu leiguþúsnaði, sbr. samþykkt bæjarstjórnar á 318. fundi, 17.01.2001.

Samþykkt með þremur atkvæðum í samræmi við tillögu félagsmálanefndar að húsaleiga í félagslegu leiguþúsnaði bæjarins hækki um 17% miðað við endurreiknað stofnverð íbúða og sé samræmd miðað við stærð íbúðar og taki breytingum í samræmi við neysluvísitölu í janúar ártíð.

13. Bréf formanns Kvenfélags Lágafellssóknar, dags. 24.01.2001 (01/54), um að stjórn félagsins óski eftir að fá aftur til afnota íbúð í Brúarlandi.
Samþykkt að fresta málinu.
14. Bréf verkefnisstjóra Snorraverkefnisins, dags. 23.01.2001 (01/68), um stuðning við verkefnið árið 2001. (Til upplýsinga fylgir svarbréf bæjarins, dags. 24.06.1999, vegna hliðstæðrar beiðni á því ári.)
Samþykkt að fresta málinu.
15. Bréf gjaldkera Álafosskórsins, dags. 15.01.2001 (01/66), um fjárstuðning við kórinn. (Til upplýsinga fylgir bréf bæjarins, dags. 27.10.2000, um samþykkt bæjarráðs á 486. fundi, 26.10.2000, vegna beiðni kórsins um styrk vegna ferðar til Kanada á árinu 2001.)
Samþykkt að fresta málinu.
16. Bréf framkvæmdastjóra skíðadeildar KR, dags. 24.01.2001 (01/65), um 250 þús.kr. styrk árið 2001.
Samþykkt að fresta málinu.
17. Bréf Samtaka herstöðvarandstæðinga, dags. 16.01.2001 (01/43), ásamt fskj., um að bærinn samþykki yfirlýsingu um kjarnvopnalaust sveitarfélag.
Samþykkt að fresta málinu.
18. Bréf borgarstjórans í Reykjavík til sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 15.01.2001, um rekstur skólaskips, sbr. samþykkt bæjarráðs á 484. fundi, 19.10.2000 (00/712).
Samþykkt að fresta málinu.
19. Bréf framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar til sveitarfélaga, dags. 24.01.2001 (98/445), þar sem samtökin beina þeim tilmælum til sveitarfélaga að þau hefjist þegar handa við gerð Staðardagskrá 21 og hvetja þau sveitarfélög sem þegar hafa hafist handa um að halda áfram á þeirri braut.
Samþykkt að fresta málinu.
20. Yfirlit Vinnumálastofnunar nr. 12/2000, dags. 19.01.2001, yfir atvinnuástand í desember 2000.
Samþykkt að fresta málinu.
21. Fréttatilkynning Hagstofunnar nr. 8/2001, dags. 19.01.2001, um búferlaflutninga árið 2000.
Samþykkt að fresta málinu.
- Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30.

20 / 2001

Hr bæjarstjóri
Jóhann Sigurjónsson
þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Mosfellsbær	
Bnnr: 40.1	Málsnr. CC = C3
Fskj:	Móttd:
Ábm:	Trnm:
Afgreiðsla	ljósr til
	dags fr ll fr sp syn vís
bráð	
.....nefnd	
bstjórn	
Aths. P. n.	

b

Mosfellsbæ 15.apríl 2001.

Við viljum þakka góðan fund með bæjarstjóra, bæjarritara, bæjarverkfræðingi og formanni skipulagsnefndar þann 13. mars 2001.

Um leið og við lóðarhafar að Hamrafelli, Hjallabrekku og Hulduhólum sendum minnisblað frá fundinum viljum við ítreka eftirfarandi:

✓ 2000

Bréfi sem sent var 21.nov. 2001 og varðaði málefni okkar hefur enn ekki verið svarað formlega.

Vakin er athygli á að lóðarhafar á Hamrafelli og Hulduhólum eiga tímasettan byggingarátt á lóðum sínum og að endurnýjun húss á Hamrafelli er orðin mjög aðkallandi.

Að Hjallabrekku er frárennsli frá rotþró í skurð sem hingað til hefur verið opin til sjávar. Gæta þarf að frárennsli grunn- og leysingavatns við framkvæmdir á Vestursvæðinu.

Hulduhólabúar, sem og Hjallabrekkubúar og Hamrafellsbúar, verða í auknum mæli fyrir umgangi óviðkomandi um lóðir sínar, og verðum við vör við að fólk álítur að þetta séu almenningssvæði. Viljum við að bæjarbúum sé ljóst að þarna verði líklega byggt þótt ekki sé vitað nú í hve miklum mæli eða hvenær.

Við óskum eftir að fá að fylgjast með gerð aðalskipulags og deiliskipulags á nágrenni okkar. Jafnframt óskum við eftir að fá að annnast og kosta deiliskipulag lóða okkar og höfum þá í huga framkvæmd á skipulagi, úthlutun og gjaldtöku, líkt og átti við um lóð Klappar. Við ætlum að gæta eigi jafnræðis í þessu máli.

Virðingarfyllst.

Steinunn Marteinsdóttir

F. u. Finnur Ingimarsson

Olafur Sigurðsson

Svava Ágústs ðóttir

Minnisblað.

Frá viðræðufundi 13.mars 2001 með Jóhanni Sigurjónssyni, bæjarstjóra, Önnu Guðrúnu Björnsdóttur, bæjarritara, Tryggva Jónssyni, bæjarverkfræðingi og Eyjólfi Árna Rafnssyni, formanni skipulagsnefndar.

Fundurinn var haldinn að ósk lóðarhafa að Hamrafelli, Finns Ingimarssonar, að Hjallabrekku, Ólafs Sigurðssonar og Svövu Ágústsdóttur og að Hulduhólum, Steinunnar Marteinsdóttur. Voru þau einnig öll mætt á fundinn.

Ástæða fundarins var að lóðarhafar vildu fylgja eftir bréfi sem þeir sendu bæjarráði Mosfellsbæjar 21. Nóvember 2000, þar sem þeir óskuðu eftir að fá að sjá um og kosta gerð deiliskipulags af lóðum sínum og jafnframt annast úthlutun lóðanna. Í því sambandi horfa lóðarhafar til framkvæmda við deiliskipulag Klappar og vænta jafnræðis um framkvæmdina.

Í upphafi reifaði Ólafur málin og spurði m.a.hvenær ætla mætti að endurskoðun aðalskipulags yrði lokið og hvort breyting yrði þá á nýtingu okkar svæðis; hvort sama aðferðarfræði yrði ekki viðhöfð og við skipulag Klapparlands m.a. með tilliti til úthlutunar og gjalda.

Ólafur sagði að ekki væri lögð áhersla á að að hefja uppbyggingu á svæðinu strax. Það myndi gerast þegar bærinn teldi það tímabært. Aftur á móti lægi á að fá málin á hreint, svo allir vissu hvar þeir stæðu.

Hann vakti þó athygli á að Hamrafell og Hulduhólar ættu tímasettan byggingarátt og nauðsynlegt væri að núverandi og væntanlegum nágrönum væri ljóst að um einkalóðir væri að ræða en ekki opið athafnasvæði almennings og einnig að liklegt væri að byggt yrði á þessu svæði þó ekki sé vitað á þessu stigi í hve miklum mæli.

Bæjarstjóri upplýsti að stefnt væri að því að aðalskipulagsvinnu lyki seinna á árinu og deiliskipulagi ca 2 mánuðum seinna. Síðar á fundinum kom fram álit um að vinna mætti deiliskipulag samtímis aðalskipulagi og spara þannig tíma. Núverandi tillögudrög um uppbyggingu svæða gera ráð fyrir 30 íbúða svæði á þessum lóðum.

Óskum lóðarhafa um jafnræði við lóðarhafa Klappar um afslátt af gatnagerðargjöldum, var þunglega tekið af embættismönnum bæjarins, þar sem þar hefðu aðrar forsendur legið að baki. Hinsvegar var vel tekið í þá málaleitan að lóðarhafar sæju sjálfir um deiliskipulagsgerð og sölu lóða.

Fram kom hjá embættismönnum að samningar núverandi lóðarhafa væru í athugun hjá bæjarritara.

Steinunn vakti máls á notkun barna og umferð útvistarfólks um lóð sína (nokkuð sem við hin höfum líka orðið vör við í vaxandi mæli) og upplýsa þyrfti að þetta svæði yrði ekki útvistarsvæði til frjálsrar notkunar um ókomna tíð.

Finnur ítrekaði ósk um að fá skipulag til að geta hafið húsbyggingu sína sem orðin er afar aðkallandi vegna aldurs núverandi íbúðarhúss (sem byggt er sem fjós). Þar eru hlutir s.s. rafmagn og þó einkum frárennsli skólps farnir að kalla á algjöra endurnýjun.

Finnur benti ennfremur á að gæta þurfi hófs í uppfyllingu á skurðum á Klapparhlíðarsvæðinu vegna reynslu sinnar af miklum vatnsaga þar einkum á vorin.

Ólafur minnti einnig á að frárennsli frá rotþró við Hjallabrekku rynni í skurð sem hingað til hefði verið opinn til sjávar.

Við lok fundarins sýndi Ólafur drög að deiliskipulagi sem hann hafði gert. Þar er gert ráð fyrir 10 raðhúsalóðum og 25 stórum einbýlishúsalóðum. Eyjólfur Árni taldi rétt að ljúka þessum drögum til hugsanlegra nota við endurskoðun aðalskipulags.

Mosfellsbæ 15. apríl 2001



MOSFELLSBÆR

Steinunn Marteinsdóttir
Hulduhólum

Finnur Ingimarsson
Hamrafelli

Ólafur Sigurðsson og Svava Ágústsdóttir
Hjallabrekku

27/04/01
00/703
40.1/19.9.1

**Efni: Málefni Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhóla, sbr. bréf ykkar, dags.
15. þ.m.**

Í bréfinu eru ítrekuð sjónarmið ykkar varðandi deiliskipulag og málefni lands sem fasteignir ykkar standa á, sbr. og fund 13. mars sl. Jafnframt er minnt á að bréfi ykkar, dags. 24. nóvember sl., hafi ekki verið svarað formlega. Eins og ykkur var tilkynnt var bréfinu vísað til umsagnar skipulags- og byggingarnefndar sem hefur falið umhverfisdeild að skoða málið. Jafnframt hefur bæjarritara verið falið að skoða réttarstöðu bæjarins gagnvart slíkum beiðnum lóðarhafa um leyfi til að standa að gerð deiliskipulags og úthluta lóðum á leigulandi sínu. Sökum anna hjá embættismönnum bæjarins hefur þessi vinna dregist nokkuð en vonast er til að niðurstaða liggi fyrir fljótlega.

Í bréfi ykkar eru ábendingar um rotþróarmál og óskir um að fá að fylgjast með gerð aðalskipulags og deiliskipulags á nágrenni ykkar og hefur þeim atriðum verið vísað til skoðunar tækni- og umhverfissviðs.

Viðringarfyllst

Jóhann Sigurjónsson
bæjarstjóri

Afrit: Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur
Anna G. Björnsdóttir bæjarritari

d

523. fundur
bæjarráðs Mosfellsbæjar
haldinn að Þverholti 2, 4. hæð,
fimmtudaginn, 19. júlí 2001 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu: Þróstur Karlsson varaformaður, Guðný Halldórsdóttir og Hákon Björnsson. Enn fremur Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur og Unnur V. Ingólfssdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Anna G. Björnsdóttir bæjarritari.

Dagskrá:

- 7. Greinargerð bæjarritara um réttarstöðu Mosfellsbæjar gagnvart óskum lóðarleiguþafa um leyfi til að fá að deiliskipuleggja leiguland sitt og úthluta lóðum, dags. 12.07.2001 (00/703 og 01/49), ásamt fskj., sbr. samþykkt bæjarráðs á 503. fundi, 01.02.2001. (Trúnaðarmál.)**

Samþykkt var með þremur atkvæðum að fresta málinu til nánari skoðunar.

Til bæjarráðs
frá bæjarritara

lvm

Júmpa á 523.f. bréf, 19.1.01
áð fíosla málum éll rannsóknar
skáðumur. Afsl. JS

Trúnaðarmál.

12. júlí 2001
40.1 Ham/Hja/Huld/Lág

Efni: Réttarstaða Mosfellsbæjar gagnvart óskum lóðarleigu hafa um leyfi til að fá að deiliskipuleggja leigulóðir og úthluta lóðum, sbr. beiðnir lóðarleigu hafa að landi Hamrafells; Hjallabrekku; Hulduhóla og Láguhlíðar.

Lóðarhafar að landi Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhólum hafa í bréfum, dags. 24. nóvember og 15. apríl sl. (00/703) og á fundi 13. mars sl., óskað eftir að fá að annast og kosta deiliskipulag lóða sinna, þannig að þeir annist framkvæmd skipulags, úthlutun og gjaldtöku vegna lóða. Bærinn myndi hins vegar sjá um gatnagerð gegn greiðslu gatnagerðargjalda.

Bæjarráð vísaði upphaflega bréfinu til umsagnar skipulags- og byggingarnefndar á 495. fundi sínum, 7. desember sl., og nefndin fól umhverfsdeild að ræða málið við lóðarhafa á 18. fundi sínum, 9. janúar sl.

Lóðarhafi að Láguhlíð hefur einnig komið á framfæri ósk um heimild til að fá að deiliskipuleggja land Láguhlíðar, sbr. bréf Guðmundar Ágústssonar hdl., dags. 17.01.2001 (01/49). Á 503. fundi bæjarráðs, 01.02.2001, var samþykkt að fela undirritaðri að skoða réttarstöðu bæjarins gagnvart slíkum beiðnum lóðarhafa og var í því sambandi einnig vísað til hliðstæðra beiðna frá lóðarhöfum Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhóla.

Yfirlit yfir fyrirliggjandi samninga um löndin:

Hamrafell.

Samkvæmt þinglýsingarvottorði, dags. 12.06.2001, eru þinglýstir eigendur Guðný Ólafsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir.

- Um landið gildir leigusamningur sem gerður var við Ólaf Helgason til 75 ára frá 14. mars 1983.
- Samkvæmt samningnum er stærð landsins 33.771 m².
- Ársleiga skal vera kr. 0.06 af hverjum m² eða kr. 2.026 af allri lóðinni. Endurmeta má upphæð lóðarleigu.
- Tekið er fram að jarðhiti og námuréttur fylgi ekki með í leigusamningnum.
- Í inngangi samningsins kemur fram að landið sé leigt „til landbúnaðar og undir fasteignir þær, sem þær eru nú og kunna að verða reistar með samþykki bygginga- og skipulagsyfirvalda“ með þeim skilmálum sem samningurinn kveður á um.

- Samkvæmt 5 lið samningsins er leigutaka heimilt að selja eða veðsetja leigurétt sinn á lóðinni í heild, ásamt húsum og mannvirkjum.
- Samkvæmt 10. lið er tekið fram að leigusamningurinn komi í stað byggingarbréfs/leigusamnings, dags. 24. apríl 1947.
- Ekkert uppsagnarákvæði er í samningnum.

Einnig liggar fyrir yfirlýsing, dags. sama dag og leigusamningurinn, þar sem hreppsnefnd Mosfellshrepps og Ólafur Helgason lýsa því yfir að byggingarbréf/leigusamningur, dags. 24. apríl 1947, fyrir nýbýlinu nr. 7 vestan við Lágfell, sem skráð er undir nafninu Hamrafell, sé fallinn úr gildi en í stað þess heimildarbréfs um jörðina komi tveir leigusamningar, báðir dags. 14. mars 1983, og um lögskipti aðila fari eftirleiðis samkvæmt þeim. (Ath. AGB hefur ekki séð byggingarbréfið og samningur 2 er líklegast neðangreind yfirlýsing.)

Einnig liggar fyrir yfirlýsing, dags. 14.03.1983, þar sem hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestir að Ólafur Helgason hafi heimild til byggingar eins einbýlishúss á lóð sinni Hamrafelli án greiðslu gatnagerða-, bygginga- og tengigjalda. Jafnframt hafi hann heimild til endurbyggingar núverandi húss eða byggingar annars jafn stórs húss í þess stað, án greiðslu sömu gjalda. Heimildin skal nýtt innan 20 ára en að þeim tíma liðnum skal hún falla niður án bóta.

Einbýlishús á lóð Hjallabrekku, sbr. hér að neðan, mun hafa verið reist á grundvelli fyrra ákvæðisins en ekki hefur enn verið byggt á grundvelli síðara ákvæðisins og byggja lóðarhafar málflutning sinn m.a. á því að það sé brýnt fyrir lóðarhafa Hamrafells að fara að nýta byggingarrétt sinn áður en hann fyrnist.

Í yfirlýsingunni staðfestir hreppsnefnd að hún muni úthluta Ólafi, eða þeim sem hann tiltekur, leigulóð til byggingar einbýlishúss á skipulögðu svæði á landi hreppsins án greiðslu gatnagerðar- og byggingargjalds. Þessi heimild mun hafa verið nýtt.

Enn fremur kemur fram í yfirlýsingunni að samkomulag hafi orðið milli hreppsnefndar og Ólafs að greiða honum 100 þús.kr. í bætur fyrir réttindi hans samkvæmt byggingarbréfi og leigusamningi, dags. 24.04.1947 sem fellur niður samkvæmt yfirlýsingu Ólafs. Ólafur staðfesti með undirskrift sinni undir yfirlýsinguna að hann hafi hér með móttekið fullar og endanlegar bætur fyrir afsalaðan rétt sinn samkvæmt byggingarbréfi.

Hulduhólar

Samkvæmt þinglýsingarvottorði, sem fengið var frá sýslumanninum í Reykjavík nú í júní en er ódags., eru þinglýstir eigendur Steinunn Marteinsdóttir og Haraldur Sverrisson.

Um land Hulduhólar voru gerðir hliðstæðir samningar og yfirlýsingar og um land Hamrafells.

- Leigusamningur um Hulduhóla var gerður við Steinunni Marteinsdóttur. Hann er dags. 21. september 1990 og er til 75 ára frá undirskriftardegi.
- Samkvæmt honum er stærð landsins 34.304 m².

- Lóðarleiga skal vera sú sama og fyrir land Hamrafells og sams konar ákvæði er um heimild til að endurmeta leigu.
- Samkvæmt 8. gr fylgir jarðhiti og námuréttur ekki með samningnum.
- Ekki er tekið fram í samningnum til hvaða nota landið er leigt, sbr. hins vegar ofangreindan samning um land Hamrafells.
- Samkvæmt 5 lið samningsins er leigutaka heimilt að selja eða veðsetja leigurétt sinn á lóðinni i heild, ásamt húsum og mannvirkjum.
- Ekkert uppsagnarákvæði er í samningnum.
- Samkvæmt 9. gr. samningsins kemur hann í stað byggingarbréfs/leigusamnings, dags. 15. desember 1947.

Einnig liggr fyrir yfirlýsing Steinunnar og Mosfellsbæjar, dags. sama dag og leigusamningurinn um að Steinunn hafi heimild til byggingar eins einbýlishúss á lóð sinni án greiðslu gatnagerðar-, bygginga- og tengigjalfa. Jafnframt fylgi núverandi íbúðarhúsum heimild til endurbyggingar þeirra eða byggingar annarra jafn stórra húsa í þeirra stað, án greiðslu gjalda. Heimildir skulu nýttar innan 20 ára. Þær munu ekki enn hafa verið nýttar. Eitt viðbótarákvæði er frá yfirlýsingunni um Hamrafell, um að komi til sölu Hulduhóla áður en byggingaréttur Steinunnar hafi verið nýttur sé hann aðeins framseljanlegur til hins nýja eiganda þeirra eignar. Samkvæmt yfirlýsingunni staðfestir bæjarstjórn að hún muni úthluta Steinunni, eða þeim sem hún tiltekur, tvær leigulóðir til byggingar einbýlishúsa á skipulögðu svæði í bænum, án greiðslu gjalda. En á móti er ekki sambærilegt ákvæði og í yfirlýsingunni um Hamrafell um greiðslu bóta með peningaupphæð. Byggingarréttur vegna þessara tveggja lóða mun hafa verið nýttur (lóðir við Bröttuhlíð). Í niðurlagi yfirlýsingarinnar er tekið fram að öðru leyti fari um lóðir þessar og byggingar á þeim samkvæmt ákvæðum um leigulóðir og byggingar á þeim en ekki er sambærilegt ákvæði og í yfirlýsingunni um Hamrafell um móttöku fullra og endanlegra bóta fyrir byggingarbréf.

Hjallabrekka

Samkvæmt þinglýsingarvottorði, dags. 12.06.2001, er þinglýstur eigandi Ólafur Sigurðsson.

Um lóðina var gerður hefðbundinn leigusamningur um lóð til íbúðarhúsabyggingar, dags. 10.03.1992.

- Samkvæmt samningnum er leigutaki Ólafur Sigurðsson og er lóðin leigð til 75 ára frá 01.08.1991
- Stærð landsins 11.356 fermetrar.
- Ársleiga er 0.145% af fasteignamati lóðar.
- Ekkert ákvæði er um námarétt og jarðhitaréttindi en samningurinn er á því formi sem lóðarleigusamningar bæjarins hafa verið á undanfarin ár.
- Tekið er fram að lóðin sé leigð sem íbúðarhússlóð, en að hún nýtist að öðru leyti til trjáræktar.
- Samkvæmt samningnum er leigutaka heimilt að selja eða veðsetja leigurétt sinn að lóðinni i heild, ásamt húsum og mannvirkjum.
- Í samningnum er ekki ákvæði um uppsögn samnings nema að því leyti að í 12. lið er tekið fram að brjóti leigutaki ákvæði samningsins þá falli leigurétturinn úr gildi og lóðin falli aftur til Mosfellsbæjar.

Lághlíð

Samkvæmt veðbókarvottorði, dags. 11.06.2001, eru eigendur María Irena Martin (70%) og Djúpmynd ehf. (30%).

- Mosfellsbær gerði 9. júní 1992 leigusamning við Sigurð Ragnarsson, til 75 ára frá undirskriftardegi, um leigu landsins til landbúnaðar og undir fasteignir þær sem á landinu eru nú og kunna að verða reistar með samþykki bygginga- og skipulagsyfirvalda með þeim skilmálum sem í samningnum er kveðið. Eign Sigurðar var á árinu 1993 seld á uppboði og í framhaldi af því eignuðust núverandi eigendur eignina.
- Samkvæmt 1. lið samningsins er landið 37.500 fermetrar að stærð
- Samkvæmt 3. lið skal ársleiga vera 0,145% af fasteignamati.
- Leigutaka er heimilt að veðsetja leigurétt sinn að landinu í heild, ásamt húsum og mannvirkjum, sbr. 5. lið.
- Jarðhiti og námaréttur fylgir ekki með í samningnum, sbr. 8. lið.
- Ekkert uppsagnarákvæði í samningnum.
- Ekki ákvæði um að hann komi í stað byggingarbréfs. Hins vegar liggur fyrir yfirlýsing Sveins Þórarinssonar, áður bóna á Lághlíð, og sveitarstjóra Mosfellshrepps, dags. 05.08.1970, um að byggingarbréf, dags. 25.04.1947, falli niður og að hreppurinn hafi fullan umráðarétt yfir landinu að undanskilinni 4 ha. landspildu undir og umhverfis íbúðar- og úтиhús að Lághlíð sem hafi verið leigð Páli Ingólfssyni til 50 ára.

Réttarstaðan samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og skipulags- og byggingarlögum.

Af ofangreindum yfirlitum er ljóst að lóðarhafar hafa stöðu venjulegra lóðarleigutaka og ekki er lengur um ábúðar- eða erfðafesturéttindi að ræða.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, er ótvírætt að sveitarfélög hafa forræði á skipulagsmálum sínum og meginreglan er sú að sveitarfélögum ber að standa að gerð deiliskipulaga, sbr. m.a. 5. liður 34. gr. laganna þar sem kveðið er á um að kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði, sbr. einnig grein 2.3 og grein 3.1.4 skipulagsreglugerðar, nr. 400/1998, þar sem fram kemur að sveitarstjórnir beri ábyrgð á og annist gerð deiliskipulagsáætlana. Í grein 3.1.4 er þó tekið fram að tillaga að deiliskipulagi geti einnig verið unnin á vegum landeigenda eða framkvæmdaraðila og á kostnað þeirra.

Samkvæmt ofangreindu er ljóst að lóðarhafar eiga ekki kröfu á því að fá að annast undirbúning og framkvæmd deiliskipulags á leigulandi sínu. Hins vegar gæti bærinn heimilað þeim það, sbr. grein 3.1.4 í skipulagsreglugerð. Vilji bærinn sjálfur deiliskipuleggja landið getur hann þurft að leysa til sín landið með eignarnámi, sbr. 5. lið 2. mgr. 32. gr. skipulags- og byggingarlaga, náist ekki samkomulag um bætur. Í tilvitnaðri grein kemur fram að sveitarstjórn sé heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags, að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins lóð eða lóðarhluta sem stendur í vegi fyrir nýrrí lóðaskiptingu sem ákveðin er í deiliskipulagi. Bætur vegna eignarnáms greiðast úr sveitarsjóði.

Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar er eignarnám því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við eigendur eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Hafa þarf í huga að landið er skilgreint sem almennt útvistarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi og breyting á því er forsenda deiliskipulags fyrir íbúðarhúsabyggð.

Niðurstaðan er því sú að vega og meta þarf kosti og galla þess hvort bærinn eigi að leysa til sín landið og skipuleggja og úthluta því sjálfur gegn greiðslu bóta til lóðarhafa eða heimila lóðarhöfum að vinna deiliskipulagstillögur og úthluta landinu sjálfir til bygginga eins gert var varðandi Klapparlóðinu. Í því sambandi er rétt að fjalla sérstaklega um það að lóðarhafar skírskota til þess að jafnræði eigi að vera með þeim og eiganda Klappar.

Í því máli háttaði þannig til að ágreiningur var um árabil við eiganda húseignarinnar Klappar um rétt hans til þess lands sem hann fékk síðar leyfi til að deiliskipuleggja. Bærinn taldi hann hafa venjulegan lóðarleigurétt og vísaði til þess að 9. febrúar 1990 var gert samkomulag milli bæjarstjórans í Mosfellsbæ og þáverandi eiganda Klapparhússins um að Mosfellsbær leysti til sín 3,2 ha. erðafestuspildu umhverfis Klöpp gegn peningagreiðslu og að bærinn myndi í staðinn gefa út lóðarleigusamning samkvæmt almennum ákvæðum um lóðarleigusamninga fyrir 5300 m² lóð fyrir húseignina. Eftir þennan samning var ekki gengið frá málinu á fullnægjandi hátt. Samningnum var ekki þinglýst fyrr en eftir að eignin hafði gengið kaupum og sölum og ekki var gengið frá lóðarleigusamningi fyrir 5300 m² lóð umhverfis húseignina. Eigandi Klappar mótmælti því að bærinn gæti byggt á samningnum um slit á erfðafesturéttindunum. Með samningi þeim sem gerður var 31. júlí 1997 um heimild eiganda Klappar til að deiliskipuleggja landið var verið að útkljá þennan ágreining. Samkvæmt samningnum var Arnabakka ehf. eiganda húseignarinnar Klappar heimilað að hefja framkvæmdir á lóð við Klöpp í samræmi við deiliskipulag fyrir lóðina og gegn greiðslu gatnagerðargjalda vegna lóðanna. Vegna kostnaðar Arnarbakka af gerð deiliskipulagsins og þar sem staðhættir takmörkuðu mögulega nýtingu lóðarinnar, samþykkti Mosfellsbæ að veita Arnarbakka 30% afslátt af gatnagerðargjöldum. Samningurinn fól einnig í sér makaskipti á landi og uppgjör á vangreiddum gjöldum Arnarbakka við bæinn.

Samningurinn við Arnarbakka var gerður fyrir gildistöku nágildandi skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Með hinum nýju lögum var frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaga í skipulagsmálum aukið. Fram að gildistöku hinna nýju laga hafði það verið hin venjubundna framkvæmd í Mosfellsbæ að landeigendur önnuðust gerð deiliskipulaga á löndum sínum og fengu 20% afslátt af gatnagerðargjaldi til að mæta kostnaði vegna deiliskipulags. Samningurinn við Arnarbakka byggðist á þessari venjubundnu framkvæmd, enda þótt aðstæður væru að því leyti sérstakar að ágreiningur var við Arnarbakka um eignarrétt að landinu.

Aðstæður hafa líka breyst að því leyti að samkvæmt gjaldskrá um gatnagerðargjald í Mosfellsbæ sem samþykkt var af bæjarstjórn 16. september 1998 er ekki gert ráð fyrir að veittur sé afsláttur af gatnagerðargjöldum þó að eigandi lands kosti deiliskipulag lands. Að því ég veit best hefur landeigendum, sem hafa fengið

leyfi til að deiliskipuleggja land sitt, eftir gildistöku nýrra skipulags- og byggingarlaga verið gert að standa alfarið undir kostnaði af skipulaginu.

Með visun til þess að málsatvik eru önnur og laga- og reglumhverfi hafa breyst frá því að samningurinn var gerður við Arnarbakka tel ég ekki að umræddir lóðarhafar geti haldið því fram að bærinn gerist sekur um brot á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, enda þótt beiðni þeirra um sams konar samning og gerður var við Arnarbakka, yrði hafnað.

Samkvæmt ofangreindu standa því í stuttu máli eftirtaldir tveir kostir til boða:

1. Ganga til samninga við lóðarhafa um að tillaga að deiliskipulagi landsins verði unnin á þeirra vegum og þeir annist úthlutun lóða, gegn því að þeir standi alfarið undir kostnaði af gerð deiliskipulagsins. Samkvæmt núgildandi gjaldskrá um gatnagerðargjald í Mosfellsbær er ekki gert ráð fyrir að heimilt sé að veita afslátt af gatnagerðargjöldum vegna þess að deiliskipulag sé unnið á vegum landeigenda og hægt væri að líta á ívilnun vegna skipulagskostnaðar þessara aðila sem brot á jafnræðisreglu gagnvart öðrum landeigendum í bænum sem hafa, eftir gildistöku nýrra skipulags- og byggingarlaga, fengið heimild til að deiliskipuleggja lönd sín gegn greiðslu alls kostnaðar af deiliskipulagsvinnunni
2. Hafna beiðni lóðarhafa og hefja annað hvort strax, eða þegar bærinn telur tímabært að taka landið til deiliskipulagningar og úthlutunar, viðræður við lóðarhafa um bætur vegna innlausnar bæjarins á lóðarleigurétti. Í því sambandi leitaði undirrituð eftir umsögn Lex lögmannsstofu um líklegar bætur fyrir lóðarleiguréttinn, sjá hjálagða greinargerð Þórunnar Guðmundsdóttir hrl., dags. 09.07.2001. Óski eigendur Hamrafells og Hulduhóla eftir að nýta byggingarrétt sinn á lóðunum strax þá kallað það auðvitað líka á að þegar verði hafist handa um að deiliskipuleggja landið. Eigendur Hamrafells hafa rétt til endurbyggingar á húseign sinni til 14.3.2003 og eigendur Hulduhóla hafa rétt til endurbyggingar á húseignum á landinu og til eins húseignar í viðbótar til 21. september 2010.

Ljóst er að samkvæmt fyrri leiðinni bera lóðarhafar kostnað af skipulagsvinnunni og bærinn kemst undan því að ganga í gegnum samninga- og hugsanlegan eignarnámsferil vegna greiðslu bóta fyrir leiguréttinn. Hafa þarf þó einnig í huga að sú leið hefði fordæmispáldi gagnvart öðrum lóðarleiguþöfum sem eru í sömu stöðu. Einnig gæti það skapað erfiðleika í skipulagsvinnunni að fleiri skipulagshöfundar komi að skipulagi aðliggjandi svæða og ekki er víst að markmið lóðarleiguþafa og bæjarins í skipulagsmálum fari saman. Varðandi eignarnámsbætur er rétt að taka fram að samkvæmt hrd. 150/2000 hefði bærinn heimild til að jafna kostnaði vegna eignarnámsins yfir á þá sem fengju úthlutað lóðum á landinu á grundvelli deiliskipulags.

Virðingarfyllst
Árni Rafnsson
Afrit:

Eyjólfur Árni Rafnsson formaður skipulags- og byggingarnefndar
Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur



LEX EHF
LÖGMANNSSTOFA
SUNDAGÖRDUM 2
104 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2600
BRÉFASÍMI 590 2606
LEX@LEX.IS · WWW.LEX.IS

Mosfellsbær
bt. Önnu Guðrúnar Björnsdóttur bæjarritara
Þverholti 2
270 MOSFELLSBÆR

Reykjavík, 9. júlí 2001

Málefni: Eignarnámsbætur vegna innlausnar á lóðarleigurétti.

Ég vísa til tölvuskeytis þíns til Lilju Jónasdóttur hrl., dags. 25. júní 2001 og samtala þinna við hana varðandi ofanskráð. Með tölvuskeytinu fylgdu drög að greinargerð þinni í málinu. Þú óskaðir eftir því að við öfluðum upplýsinga um það hver upphæð hugsanlegra eignarnámsbóta gæti orðið, auk þess skoðað yrði hvort það fæli í sér brot á jafnræðisreglunni að neita umræddum leigulóðarhöfum um leyfi til deiluskipuleggja lóðirnar.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms er það matsnefnd eignarnámsbóta sem sker úr um fjárhæð eignarnámsbóta, náist ekki sáttir milli eignarnema og eignarnámpola. Í 3. mgr. 32. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er sagt að eignarnám sé því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi. Meginreglan er því að samningaviðræður verða að vera fullreyndar áður en gripið er til eignarnámsaðgerða, sbr. dóm Hæstaréttar 1998:985 þar sem eignarnámi var hafnað vegna þess að Garðabær hafði ekki reynt til nægilegrar hlítar að ná samningum við landeigendur á Arnarnesi áður farið var að krefjast eignarnáms.


Það er erfitt að gefa einhlít svör við því hvernig meta á land með tilliti til eignarnámsbóta. Fyrst er könnuð stærð og lega landsins. Síðan er athugað hvort fullnægjandi eignarnámsheimild sé til staðar. Matsnefnd eignarnámsbóta fer ávallt á vettvang hins eignarnumda landsvæðis. Við ákvörðun eignarnámsbóta er meginreglan sú að styðjast við markaðsverð eða hugsanlegt söluverð þess sem tekið hefur verið eignarnámi, sé þess kostur. Reynist sú leið af einhverjum ástæðum ekki fær, er hugsanlegt að nota aðrar aðferðir, t.a.m. að taka mið af kostnaði eignarnámsþola við að koma sér upp sambærilegri eign eða meta notagildi þess eignarnumda fyrir eignarnámsþola til peningaverðs. Við matið verður að taka mið af framtíðarnotkunarmöguleikum landsins og þeirrar verðhækkunar sem orðið hefur á byggingarlóðum á síðustu árum. Þar sem í þessu máli er um að ræða

lóðarleigusamninga verður að skoða þá sérstaklega vel. Í lóðarleigusamningunum fjórum sem um er rætt er hvergi minnst á skyldu leigutaka til þess að láta af hendi leigurétt sinn í þeim tilgangi að Mosfellsbær geti nýtt landið í samræmi við skipulag.

Svo sem áður sagði metur matsnefnd eignarnámsbóta bætur í hverju tilfelli. Við höfum kannað úrskurði matsnefdarinnar og ekki fundið alveg sambærileg tilfelli. Hér má þó benda á úrskurð matsnefdar eignarnámsbóta nr. 5/1997 frá 16. janúar 1998. Þar var vegastæði undir Vesturlandsveg tekið eignarnámi. Alls voru teknir 44.943m². Bætur voru ákveðnar kr. 20.000.000.-, eða kr. 445.- á m². Við leggjum hins vegar áherslu á það að engin tvö lönd eru alveg eins þegar kemur að mati á eignarnámsbótum. Í þessu tilvitnaða máli var um að ræða eignarland, en í málínu sem hér er verið að fjalla um er slíku ekki að heilsa, heldur yrði aðeins metið verðmæti bygginga, ræktunar o.p.h. sem tekið yrði eignarnámi.

Að því er varðar spurninguna um jafnræðisreglu stjórnsýsluréttarins þá tökum við fyllilega undir niðurstöðu þá sem þú kemst að í greinargerðardögum þínum, þ.e. að ekki verði séð að það feli í sér brot á jafnræðisreglunni ef beiðni lóðarleiguþafanna fjögurra um heimild til deiluskipulagningar á svæðinu verði hafnað.

Virðingarfyllst,



Þórunn Guðmundsdóttir

Bæjarráð, fundur nr. 541
Dags. 8. Nóvember 2001

l

541. fundur
bæjarráðs Mosfellsbæjar
haldinn í fundarherbergi á 4.hæð bæjarskrifstofunnar í Þverholti 2,
fimmtudaginn 8. nóvember 2001 og hófst hann kl. 17:30

Fundinn sátu: Jónas Sigurðsson formaður, Pröstur Karlsson, Herdís Sigurjónsdóttir og Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri.

Ennfremur sátu fundinn Unnar V. Ingólfssdóttir forstöðumaður félagsmálasviðs og Pétur Lockton fjármálastjóri.
Fundargerð ritaði: Stefán Ómar Jónsson, bæjarritari.

Dagskrá.

Byrjað þar sem frá var horfið í heimsóknum bæjarráðs í stofnanir bæjarins.

Bæjarritari fór yfir óskir fjármála- og stjórnsýslusviðs hvað varðar stofnbúnaðarbeiðnir vegna ársins 2002.

Bæjarstjóri fór yfir fyrstu drög eins og þau liggja fyrir varðandi stofnbúnaðaróskir og viðhald fasteigna vegna ársins 2002 fyrir bæjarsjóð og stofnanir hans í heild.

1. Úrskurður Félagsmálaráðuneytisins (00/364) dags. 25. október 2001 varðandi álagningu gatnagerðargjalds vegna byggingarframkvæmda á jörðinni Seljabrekku.

Samþykkt með þremur atkvæðum að fela bæjarstjóra að afla lögfræðilegs álits á úrskurði ráðuneytisins og leggja fyrir bæjarráð sem fyrst.

2. Álitsgerð bæjarritara sbr. 6. mál í fundargerð félagsmálanefndar frá 109. fundi þann 2. október 2001 tekin fyrir á 334. fundi bæjarstjórnar þann 10. október 2001 þar sem málinu var vísað til skoðunar hjá bæjarritara.

Samþykkt með þremur atkvæðum að mæla með því við bæjarstjórn, á grundvelli álitsgerðar bæjarritara, að staðfesta tillögu félagsmálanefndar.

3. Bréf löggið fasteignasala, Sæbergs Þórðarsonar (01/574) dags. 5. nóvember 2001 varðandi forkaupsréttarboð vegna sölu á landspildu úr landi Lundar 1 Mosfellsdal.

Samþykkt með þremur atkvæðum að falla frá forkaupsrétti og bæjarritara falið að ganga frá málinu.

4. Erindi Lilju Petru Ásgeirsdóttur og Erlends Magnúsar Magnússonar (01/568) dags. 4. október 2001 varðandi beiðni um fjárstyrk til tónlistarnemanda.

Samykkt með þremur atkvæðum að vísa málinu til umsagnar forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs.

5. Bréf Maríu Irenu Martin dags. 25. október 2001 sem var frestað á síðasta fundi bæjarráðs þann 1. nóvember 2001. Vísað er í gögn v/málsins sem send voru til bæjarstjórnar s.l. föstudag.

Samþykkt með þremur atkvæðum að vísa málinu til bæjarstjórnar.

6. Bréf Reykjavíkurborgar (01/417) dags. 29. október 2001 varðandi kostnað við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Samykkt með þremur atkvæðum að veita aukafjárveitingu vegna ársins 2001 kr. 246.269 og kostnaði vegna ársins 2002 sem áætlaður er kr. 174.164 verði vísað til fjárhagsáætlunar 2002.

7. Bréf Hestamannafélagsins Harðar (01/569) dags. 31. október 2001 varðandi fegrún og viðhald íþróttasvæðis hestamannafélagsins Harðar.

Samþykkt með þremur atkvæðum að vísa erindinu til fjárhagsáætlunar 2002.

8. Erindi Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis (01/574) dags. 31. október 2001 varðandi fjárveitingu til flokkunar vatna árið 2002.

Samþykkt með þremur atkvæðum að vísa erindinu til fjárhagsáætlunar 2002

9. Fundargerð 684. fundar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 19. október 2001.

Fundargerðin lögð fram

10. Fundargerð 51. fundar samstarfsnefndar Launanefndar sveitarfélags frá 18. október 2001.

Fundargerðin lögð fram

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:20

Bæjarstjórn, fundur nr. 337

Dags. 21. Nóvember 2001

337. fundur

**bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, haldinn að þverholti 2,
miðvikudaginn 21. nóvember 2001, og hófst hann kl. 16:30.**

f

Fundinn sátu: Þróstur Karlsson forseti, Jónas Sigurðsson, Guðný Halldórsdóttir, Helga Thoroddssen, Herdís Sigurjónsdóttir, Ásta B. Björnsdóttir, Hákon Björnsson og Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri.
Einnig sátu fundinn: Björn Þráinn Þórðarson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Tryggvi Jónsson forstöðumaður Tækni- og umhverfissviðs og Unnar V. Ingólfssdóttir forstöðumaður félagsmálasviðs.
Fundargerð ritaði: Stefán Ómar Jónsson, bæjarritari.
Dagskrá:

1. mál: Fundargerðir nefnda:
1. Bæjarráð, 537. fundur frá 6. nóvember 2001 fundargerð bæjarráðs var lögð fram.
2. Bæjarráð, 538. fundur frá 6. nóvember 2001 fundargerð bæjarráðs var lögð fram.
3. Bæjarráð, 539. fundur frá 7. nóvember 2001 fundargerð bæjarráðs var lögð fram.
4. Bæjarráð, 540. fundur frá 7. nóvember 2001 fundargerð bæjarráðs var lögð fram.
5. Bæjarráð, 541. fundur frá 8. nóvember 2001

2. mál:

Álitsgerð bæjarritara sbr. 6. mál í fundargerð félagsmálanefndar frá 109. fundi þann 2. október 2001, varðandi það að félagsmálanefnd sé falin fullnaðarafgreiðsla á viðbótarlánnum svo og að fela húsnæðisfulltrúa undirbúning og afgreiðslu til félagsmálanefndar á sömu málum.
Samþykkt með sjö atkvæðum.

5. mál:

Bréf Maríu Irenu Martin dags. 25. október 2001 sem var frestað á 536. fundi bæjarráðs þann 1. nóvember 2001.
Til máls tóku: ÁBB, bæjarstjóri, HB, PK og JS.

Tillaga.

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að ræða við lóðarleigu hafa um hugsanlega útfærslu á samningum um deiliskipulag og uppbyggingu á svæðinu.

Tillagan felld með fjórum atkvæðum gegn þremur

Tillaga.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafnar beiðni lóðarleigu hafa að landi Hamrafells, Hjallabrekku, Hulduhóla og Láguhlíðar þess efnis að lóðarleigu hafar annist sjálfir og kosti deiliskipulagningu nefndra leigulóða.
Í þessu sambandi vísar bæjarstjórn til þeirrar meginreglu að sveitarfélagið sjálft annist undirbúning og gerð deiliskipulags á eignarlandi bæjarins og beri af því kostnað.

Mosfellsbær mun huga að deiliskipulagsvinnu nefndra lóða þegar bærinn telur tímabært að fara í slíka vinnu með tilliti til þróunar og vaxtar sveitarfélagsins og væntir þess á þeim tímapunkti að geta átt gott samstarf við hlutaðeigandi lóðarleigu hafa.

Jafnframt er bæjarstjóra falið að láta yfirfara þau réttindi sem lóðarleigu hafar hafa samkvæmt lóðarleigusamningum með tilliti til þess að þau verði tryggð.

Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Samþykkt með sjö atkvæðum að vísa öðrum atriðum bréfs Marínu Irenu til bæjarráðs.

6. mál:

Bréf Reykjavíkurborgar (01/417) dags. 29. október 2001 varðandi kostnað við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Til máls tóku: HB, bæjarstjóri og JS.

6. Bæjarráð, 542. fundur frá 15. nóvember 2001

2. mál:

Rekstrar- og fjárfestingaryfirlit janúar - september 2001, ásamt útkomuspá fyrir árið 2001.

Til máls tóku: PK, bæjarstjóri, ABB, HB, JS og GH.

Bókanir vegna viðbótarfjárveitinga.

Í samræmi við útkomuspá ársins 2001 samþykkir bæjarstjórn 14,7 milljón kr. aukafjárveitingu vegna aukinna rekstrarútgalda bæjarsjóðs umfram rekstrartekjur á árinu, aukafjárveitingu verði mætt með látlöku.

Tillaga um 110 milljón kr. aukafjárveitingu vegna framkvæmda við Lágafelsskóla, aukafjárveitingu verði mætt með lántöku.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

5. mál:

Bréf Ólafs Jónssonar og Arnþórs Jónssonar dags. 7. nóvember 2001, varðandi lóðarleigusamninga í Álafosskvos, deiliskipulag og innheimtu fasteignaskatta.

Til máls tóku: HB, bæjarstjóri, JS og GH.

6. mál:

Bréf Ásgeirs Eiríkssonar (01/584) dags. 2. nóvember 2001, varðandi ósk hans um lausn frá störfum í nefndum fyrir Mosfellsbæ.

Til máls tóku: HB, PK og GH.

Lausnarbeiðni bréfritara samþykkt með sjö atkvæðum.

7. mál:

Bréf bæjarstjórnar Austur- Héraðs dags. 8. nóvember 2001, varðandi kjaradeilu Launaneftndar sveitarfélags og tónlistarkennara.

Til máls tóku: ÞK, HB og JS

Bókun v. kjaradeilu tónlistaskólakennara og Launaneftndar sveitarfélaga.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar skorar á Launaneftnd sveitarfélaga og samninganefnd tónlistarkennara að hraða samningagerð þannig að binda megi enda á það verfall sem nú stendur yfir og bitnar á nemendum tónlistarskólanna sem ekki eru aðilar að deilunni. Ábyrgð samningsaðila er mikil og mikilvægt að þeir setjist við samningaborðið og leysi þessa erfiðu deilu sem fyrst.

Bókunin samþykkt samhljóða með sjö atkvæðum.

Jafnframt samþykkt samhljóða að leysist deilan ekki á næstu dögum sé það ósk bæjarstjórnar að fulltrúar

Launaneftndar komi á fund bæjarráðs og fari yfir stöðu mála.

Fundargerð bæjarráðs að öðru leyti samþykkt með sjö atkvæðum.

7. Atvinnu- og ferðamálanefnd 39. fundur frá 6.nóvember 2001

2. mál:

Starfsáætlun Atvinnu- og ferðamálanefndar fyrir árið 2002 og fjárhagsáætlun.

Til máls tóku: ÞK.

Samþykkt með sjö atkvæðum að vísa málinu til fjárhagsáætlunar 2002.

Fundargerðin var að öðru leyti lögð fram.

8. Atvinnuþróunarsjóður Mosfellsb., 31. fundur frá 30. október

1. mál:

Beiðni Net-albúm um afgreiðslu á 800 þús. kr. láni sem samþykkt var í stjórn 20.10.1999

Til máls tóku: HB, bæjarstjóri.

Fundargerðin var lögð fram.

9. Atvinnuþróunarsjóður Mosfellsb., 32. fundur frá 8. nóvember 2001

Fundargerðin var lögð fram.

10. Félagsmálanefnd, 112. fundur frá 13. nóvember 2001

1. mál:

Liður 1.2 viðbótarlán, töluliðir b,c,d, og e.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

1. mál:

Liður 1.3 Innlausn á félagslegri eignaríbúð að Skeljatanga 40.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

5. mál:

Hjúkrunarheimili aldraðra, umsókn í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Til máls tóku: ÞK og HT.

Tillaga nefndarinnar til bæjarstjórnar um að sótt verði um leyfi til heilbrigðisráðuneytis til rekstrar hjúkrunarheimilis fyrir aldraða og styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra til byggingar hjúkrunarheimilis.

„Bæjarstjórn samþykkir að sótt verði um styrk til Framkvæmdasjóðs aldraðra til byggingar hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ. Bæjarstjórn felur bæjarráði framgang málsins.

Bæjarstjórn vill í þessu sambandi benda á að þetta er í fjórða sinn, sem sótt er um styrk til byggingar hjúkrunarheimilis í bæjarfélaginu, og er nú svo komið að Mosfellsbær er eitt fárra sveitarfélaga á landinu sem ekki hefur tryggan aðgang að hjúkrunarrýmum fyrir aldraða íbúa sína og er sú staða óviðunandi.“

11. Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis, 11. fundur frá 12. nóvember 2001

Fundargerðin var lögð fram.

12. Skipulags- og byggingarnefnd, 42. fundur frá 13. nóvember 2001

Fundargerðin var lögð fram.

13. Heilsugæsla Mosfellsumdæmis 1. fundur frá 5. febrúar 2001.

Málefni:

Staða stjórnar Heilsugæslustöðvar Mosfellsumdæmis.

Til máls tóku: ÁBB, ÞK, bæjarstjóri, HB og JS.

Samþykkt með sjö atkvæðum að vísa því til bæjarráðs að óska eftir heimsókn formanns og framkvæmdastjóra Heilsugæslu Mosfellsumdæmis.

Fundargerðin var lögð fram.

14. Samvinnunefnd um svæðissk. höfuðborgarsv., 61. fundur frá 7. nóvember 2001

Til máls tók: JS

Fundargerðin var lögð fram.

15. SORPA, 175. fundur frá 8. nóvember 2001

3. mál:

Rekstraráætlun 2002, helstu forsendur.

Til máls tóku: GH og JS.

Fundargerðin var lögð fram.

2. mál: Kosning í nefndir

Til máls tók: HB

Tillaga.

Í yfirkjörstjórn:

aðalmaður: Þorbjörg Inga Jónsdóttir

varamaður: Arnar Þór Stefánsson

í stjórn Heilsugæslu Mosfellsumdæmis:

aðalmaður: Jón B. Guðmundsson

í Menningarmálanefnd:

aðalmaður: Haraldur Sverrisson

í Laxnessnefnd:

aðalmaður: Ragnheiður Ríkharðsdóttir

Tillögur um skipan í nefndir samþykkt með sjö atkvæðum.

3. mál: Reglugerð Hitaveitu Mosfellsbæjar. Seinni umræða

Til máls tók: bæjarstjóri.

Reglugerðin samþykkt með sjö atkvæðum.

4. mál: Útsvarsprósenta fyrir árið 2002

Til máls tóku: ÞK, JS og HB.

Tillaga um útsvarsprósentu fyrir árið 2002.

Lagt er til að útsvarsprósenta Mosfellsbæjar árið 2002 verði 12,65% á árinu 2002, þ.e. óbreytt frá árinu 2001.

Tillagan samþykkt með sjö atkvæðum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:22

Mostfellsbæ, 29. október 2001

B.t.: Bejarsjóðans, bejarráðs, bejarsjóðnar,
skipulage- og byggingarnefndar, tekninefndar og umhverfisnefndar
þverholti 2, 270 Mostfellsbæ.
Símit: 525-6700 Fax: 525-6729 E-póst: mos@mos.is

AFRIT

Málefni: Skipulagsmál leigulöða og jarða.

Eigendur eftirfarandi signa, Láguhlíðar, Hulduhóla, Hjallabrekku og Hamrafells, hafa farið þess á leið við bejaryðrvöld að leiguland eignanna verði tekið inn í deiliskipulag annars vegar eða leyfi gesið þeim til handa að fá að deiliskipuleggja sjálfir, í sameiningu.

Erindi þess einfis hefur ítrekað verið lagt fyrir án þess að skýr svör fáiist um hver framtíð landssvæðanna verði. Á kynningarfundí bejartins og höfuðborgarsvæðisins, þann 16.10. '01, kom fram að umrædd svæði væru á deiliskipulagi næstu 20 ára.

Vegna staðsettningar við jáðar nýrra byggingasvæða og skipulagðra svæða stöndum við frammí fyrir því að geta ekki lengur nýtt landsvæði eigna okkar eins og lög gera ráð fyrir, þar sem við teljumst ekki lengur utan skipulagðra þéttbyliðsvæða.

Sprettungarnar sem við vijum fá skýr svör við eru þessar.

1. Verða svæðin skipulögð af þennum?
2. Fá eigendur að láta skipuleggja isigulönd sín sjálfir?

Virðingarfyllst, f.h. eigenda.

Láguhlíðar

Hjallabrekku

Olofur Sigurðsson

Stærri Þingaleiðsdeilli

Hulduhóla

Hamrafells

2.u.

Jónur Þorsteinsson

AFRIT



g

Steinunn Marteinsdóttir
Hulduhólum
270 Mosfellsbæ

MOSFELLSBÆR

337-1-5-Shuldu

Mosfellsbæ 22.11.2001

Á fundi bæjarstjórnar þann 21. nóvember s.l. var tekið fyrir erindi yðar og íbúa að Hjallabrekku, Láguhlíð og Hamrafells dags. 29 október 2001, varðandi skipulagsmál leigulóða og jarða.

Svo hljóðandi tillaga var samþykkt af bæjarstjórn varðandi erindi yðar og meðbréfritara yðar varðandi skipulagsmál leigulóða og jarða:

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafnar beiðni lóðarleiguþafa að landi Hamrafells, Hjallabrekku, Hulduhóla og Láguhlíðar þess efnis að lóðarleiguþafar annist sjálfir og kosti deiliskipulagningu nefndra leigulóða.

Í þessu sambandi vísar bæjarstjórn til þeirrar meginreglu að sveitarfélagið sjálft annist undirbúning og gerð deiliskipulags á eignarlandi bæjarins og beri af því kostnað.

Mosfellsbær mun huga að deiliskipulagsvinnu nefndra lóða þegar bærinn telur tímabært að fara í slíka vinnu með tilliti til þróunar og vaxtar sveitarfélagsins og væntir þess á þeim tímapunkti að geta átt gott samstarf við hlutaðeigandi lóðarleiguþafa.

Jafnframt er bæjarstjóra falið að láta yfirfara þau réttindi sem lóðarleiguþafar hafa samkvæmt lóðarleigusamningum með tilliti til þess að þau verði tryggð.

Þessi afgreiðsla bæjarstjórnar tilkynnist yður hér með.

Virðingarfullst.,

Stefan Omar Jónsson
 bæjarritari

**BÆJARRITARI
MOSFELLSBÆJAR**

PVERHOLTI 2
270 MOSFELLSBÆR
KT. 470269-5969

SÍMI 525 6700

FAX 525 6729

WWW.MOS.IS

AFRIT



Ólafur Sigurðsson
Hjallabrekku
270 Mosfellsbæ

MOSFELLSBÆR

337-1-5-5hjall

Mosfellsbæ 22.11.2001

Á fundi bæjarstjórnar þann 21. nóvember s.l. var tekið fyrir erindi yðar og íbúa að Hulduhólum, Láguhlíð og Hamrafells dags. 29 október 2001, varðandi skipulagsmál leigulóða og jarða.

Svo hljóðandi tillaga var samþykkt af bæjarstjórn varðandi erindi yðar og meðbréfritara yðar varðandi skipulagsmál leigulóða og jarða:

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafnar beiðni lóðarleiguþafa að landi Hamrafells, Hjallabrekku, Hulduhóla og Láguhlíðar þess efnis að lóðarleiguþafar annist sjálfir og kosti deiliskipulagningu nefndra leigulóða.

Í þessu sambandi vísar bæjarstjórn til þeirrar meginreglu að sveitarfélagið sjálft annist undirbúning og gerð deiliskipulags á eignarlandi bæjarins og beri af því kostnað.

Mosfellsbær mun huga að deiliskipulagsvinnu nefndra lóða þegar bærinn telur tímabært að fara í slíka vinnu með tilliti til þróunar og vaxtar sveitarfélagsins og væntir þess á þeim tímapunkti að geta átt gott samstarf við hlutaðeigandi lóðarleiguþafa.

Jafnframt er bæjarstjóra falið að láta yfirfara þau réttindi sem lóðarleiguþafar hafa samkvæmt lóðarleigusamningum með tilliti til þess að þau verði tryggð.

Þessi afgreiðsla bæjarstjórnar tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst.,

Stefán Ó. Jónasson
Stefán Ómar Jónsson
bæjarritari

**BÆJARRITARI
MOSFELLSBÆJAR**

PVERHOLTI 2
270 MOSFELLSBÆR
Kt. 470269-5969
SÍMI 525 6700
FAX 525 6729
WWW.MOS.IS

AFRIT



Finnur Ingimarsson
Hamrafelli
270 Mosfellsbæ

MOSFELLSBÆR

337-1-5hamra

Mosfellsbæ 22.11.2001

Á fundi bæjarstjórnar þann 21. nóvember s.l. var tekið fyrir erindi yðar og íbúa að Hulduhólum, Láguhlíð og Hjallabrekku dags. 29 október 2001, varðandi skipulagsmál leigulóða og jarða.

Svo hljóðandi tillaga var samþykkt af bæjarstjórn varðandi erindi yðar og meðbréfritara yðar varðandi skipulagsmál leigulóða og jarða:

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafnar beiðni lóðarleiguþafa að landi Hamrafells, Hjallabrekku, Hulduhóla og Láguhlíðar þess efnis að lóðarleiguþafar annist sjálfir og kosti deiliskipulagningu nefndra leigulóða.

Í þessu sambandi vísar bæjarstjórn til þeirrar meginreglu að sveitarfélagið sjálft annist undirbúning og gerð deiliskipulags á eignarlandi bæjarins og beri af því kostnað.


Mosfellsbær mun huga að deiliskipulagsvinnu nefndra lóða þegar bærinn telur tímabært að fara í slíka vinnu með tilliti til þróunar og vaxtar sveitarfélagsins og væntir þess á þeim tímapunkti að geta átt gott samstarf við hlutaðeigandi lóðarleiguþafa.

Jafnframt er bæjarstjóra falið að láta yfirfara þau réttindi sem lóðarleiguþafar hafa samkvæmt lóðarleigusamningum með tilliti til þess að þau verði tryggð.

Þessi afgreiðsla bæjarstjórnar tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst.,

Stefán Ómar Jónsson
Stefán Ómar Jónsson
bæjarritari



BÆJARRITARI
MOSFELLSBÆJAR

PVERHOLTI 2
270 MOSFELLSBÆR

KT. 470269-5969

SIMI 525 6700

FAX 525 6729

WWW.MOS.IS

AFRIT



María Irena Martin
Láguhlíð
270 Mosfellsbæ

MOSFELLSBÆR

337-1-5lágu

Mosfellsbæ 22.11.2001

Skalar maðr rúnar rista,
nema ráða vel kunni,

þat verðr inörgum manni,
es of myrkvan staf villisk;
sák á telgðu talkni

tu launstafi ristna,
þat hefr lauka lindi
langs ofrtrega fengit.

—ir Egils Þóru

Á fundi bæjarstjórnar þann 21. nóvember s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 25. október 2001, ásamt og erindi yðar og íbúum að Hjallabrekku, Hulduhóla og Hamrafells dags. 29 október 2001, varðandi skipulagsmál leigulóða og jarða.

Svohljóðandi tillaga var samþykkt af bæjarstjórn varðandi erindi yðar og meðbréfritara yðar varðandi skipulagsmál leigulóða og jarða:

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafnar beiðni lóðarleigu hafa að landi Hamrafells, Hjallabrekku, Hulduhóla og Láguhlíðar þess efnis að lóðarleigu hafar annist sjálfir og kosti deiliskipulagningu nefndra leigulóða.

Í þessu sambandi vísar bæjarstjórn til þeirrar meginreglu að sveitarfélagið sjálft annist undirbúning og gerð deiliskipulags á eignarlandi bæjarins og beri af því kostnað.

Mosfellsbær mun huga að deiliskipulagsvinnu nefndra lóða þegar bærinn telur tímabært að fara í slíka vinnu með tilliti til þróunar og vaxtar sveitarfélagsins og væntir þess á þeim tímapunkti að geta átt gott samstarf við hlutaðeigandi lóðarleigu hafa.

Jafnframt er bæjarstjóra falið að láta yfirlifara þau réttindi sem lóðarleigu hafar hafa samkvæmt lóðarleigusamningum með tilliti til þess að þau verði tryggð.

Einnig var samþykkt að vísa öðrum atriðum bréfs yðar frá 25. október 2001 til bæjarráðs til frekari meðferðar.

Þessi afgreiðsla bæjarstjórnar tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst.,

Stefán Ómar Jónsson
Stefán Ómar Jónsson
bæjarritari

BÆJARRITARI
MOSFELLSBÆJAR

